



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 100/11437
komudagur 15. 3. 2001

Reykjavík, 14. mars 2001
Tilvísun: LAN00110187/311
SN/--

Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi bréf frá Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur sem starfar á grundvelli laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur dags. 5. janúar 2001. Í bréfinu er óskað eftir að ráðuneytið hlutist til um að breytingar verði gerðar á ákvæði um eftirlit með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum í 5. gr. b frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum sem fram kemur á þskj. 639, 389. mál. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta ákvæði verði 75. gr. laganna.

Í tilefni af því sendir ráðuneytið landbúnaðarnefnd Alþingis meðfylgjandi tillögu um breytingar á framangreindu ákvæði frumvarpsins en tillaga ráðuneytisins gerir ráð fyrir að nýtt ákvæði komi í stað þess ákvæðis sem nú kemur fram í 5. gr. b frumvarpsins. Jafnframt telur ráðuneytið við nánari athugun rétt að þetta ákvæði verði í XIII. kafla laganna sem ber yfirskriftina "*Stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit*" og gæti samkvæmt því t.d. orðið ný grein á eftir núgildandi 91. gr. Fallist landbúnaðarnefnd Alþingis á að gera þessa breytingatillögu vekur ráðuneytið athygli á að gera þarf ýmsar breytingar á greinatölu annarra ákvæða í frumvarpinu og lögnum í samræmi við það.

F.h.r.


Sigríður Nordmann



Afrit:

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur
Skarphéðinn Steinarsson, formaður
Forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu v/Lækjartorg
150 Reykjavík

Tillaga um breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum – þskj. 639 – 389. mál.

Eftirfarandi ákvæði komi á eftir nügildandi 91. gr. laganna:

Veiðimálastjóri skal hafa eftirlit með fiskeldis- og hafbeitarstöðvum. Eftirlitið skal ná til rekstrarlegra og fiskeldisfræðilegra þátta í starfsemi stöðvanna og að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar færa dagbók varðandi starfsemina samkvæmt reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Eftirlitsaðilum skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar. Forsvarsmönnum fiskeldis- og hafbeitarstöðva er skylt að veita veiðimálastjóra og eftirlitsaðilum hans allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.

Veiðimálastjóra er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum veiðimálastjóra og eftir reglum sem hann setur.

Veiðimálastjóri skal fylgjast með starfi faggiltra eftirlitsaðila og sannreyna að þeir ræki skyldur sínar á fullnægjandi hátt, enda skulu þeir veita veiðimálastjóra upplýsingar um starfsemi og ástand fiskeldis- og hafbeitarstöðva á þann hátt sem hann ákveður. Veiðimálastjóri og faggiltir eftirlitsaðilar skulu bundnir þagnarskyldu um upplýsingar sem þeir fá við framkvæmd eftirlits.

Verði misbrestur á að faggiltir eftirlitsaðilar ræki skyldur sínar samkvæmt samningi, vanræki þeir upplýsingaskyldu sína eða gefi rangar upplýsingar getur veiðimálastjóri sagt upp samningi við þá um framkvæmd eftirlits.

Fyrir eftirlit veiðimálastjóra eða faggiltra eftirlitsaðila skulu fiskeldis- og hafbeitarstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Veiðimálastjóri skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af fjárhæð þess í frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur
Forsætisráðuneytinu
150 Reykjavík

Br.lyk.: 311	Áb.m.: S. M
Aðrir:	F.skjöl.:
Innk.: 09 JAN. 2001	
LAN 00110187	
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	

Landbúnaðarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2001.

Varðar: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur starfar samkvæmt lögum nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur. Um störf nefndarinnar er nánar fjallað í reglugerð nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera. Markmið laganna er að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. Eftirlit á vegum hins opinbera má ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax og silungsveiði er að finna ákvæði um eftirlit með starfsemi fiskeldis- og hafbeitarstöðva. Eftirlitsskyldir aðilar eru skilgreindir sem fiskeldis- og hafbeitarstöðvar sem fengið hafa rekstrarleyfi, skv. lögnum. Jafnframt er kveðið á um gjaldskyldu rekstraraðila sem er fastsett 0,25% af brúttósöluverði. Í fylgiskjali 2 með minnisblaði landbúnaðarráðherra til ríkisstjórnar er að finna greinargerð um eftirlit veiðimálastjóra skv. frumvarpinu. Þar er eftirlitið skilgreint út frá kostnaði við ráðningu tveggja eftirlitsmanna í fullu starfi, ferðakostnaði og dagpeningum.


Lög um opinberar eftirlitsreglur kveða á um þau viðmið sem stjórnvöld skulu hafa í huga við samningu eftirlitsreglna og reglugerðin setur fram gátlista um þau atriði sem meta skuli, um leið og drög að eftirlitsreglum eru undirbúin. Nokkur brögð hafa verið á því að stjórnarfrumvörp hafi verið lögð fram á Alþingi án þess að viðeigandi gátlisti hefði verið fylltur út. Af hálfu nefndarinnar er ekki gerð fortakslaus krafa um að gátlistinn sé ávallt fylltur út með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í reglugerðinni. Í því tilviki sem hér um ræðir er hins vegar ljóst að nokkuð skortir á að frumvarpið sé svo úr garði gert að fullnægi viðmiðum laga og reglugerðar að þessu leyti. Nefna má að eftirlit virðist skilgreint út frá kostnaði við opinberar stöður við eftirlit. Lögin og reglugerðin kveða skýrt á um að eftirlit beri að skilgreina út frá þjóðhagslegri hagkvæmni eftirlitsins og að það skuli framkvæmt með eins léttvægum hætti fyrir eftirlitsþola og hægt er. Þá er í

lögnum og reglugerðinni mörkuð sú stefna að eftirlit skuli framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum í eins ríkum mæli og unnt er. Ráðgjafarnefndin hefur lagt ríka áherslu á að fylgja þeirri stefnumörkun eftir. Ljóst er að eftirlit af þeim toga sem hér um ræðir er þess eðlis að afar hentugt væri að fela það faggiltum skoðunarstofum, til hagræðis fyrir alla aðila. Eftirlitið væri eftir sem áður á ábyrgð landbúnaðarráðuneytisins og veiðimálastjóra, en faggiltir skoðunarmenn myndu sinna eftirlit á vettvangi og skila veiðimálastjóra skýrslum um þær heimsóknir. Forræði landbúnaðarráðuneytisins í málinu væri því tryggt. Svipað kerfi hefur verið notað í eftirliti með heilbrigði sjávarafurða, þar sem skoðunarstofurnar skila Fiskistofu skýrslu um úttektir hjá vinnsluleyfishöfum um allt land. Allt stuðlar þetta að því að faggiltir úttektarmenn verði til reiðu víða um land og að þeir hafi fullnægjandi þekkingu og þjálfun til starfa sinna. Þá fylgir að eftirlitsþoli á greiðari aðgang að þeim viðmiðum sem sett eru fyrir eftirlitinu. Nefndin telur afar mikilvægt að 6. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hún geri ráð fyrir þessu eftirlitsfyrirkomulagi.

Þá vekur athygli að eftirlitsgjaldið er fastsett í 0,25% af brúttósöluverði. Eðlilegra væri, í ljósi framansagðs, að rekstrarleyfishafar greiddu raunkostnað af eftirlitinu samkvæmt reikningi. Að öðrum kosti væri eðlilegra að binda ekki upphæðina í ákveðinni prósentu, heldur kveða á um heimild til gjaldtöku raunkostnaðar, allt að 0,25% af brúttósöluverði. Þá vekur athygli að hugtakið „brúttósöluverð“ er ekki skilgreint í lögnum. Það er ekki í samræmi við almenn viðhorf, enda getur munað miklu á verðmæti afurða milli stöðva og t.d. í hversu ríkum mæli afurðir eru unnar. Ekki er eðlilegt að þeim rekstraraðilum sem ná hæstu verði fyrir afurðirnar, sé hegnt með greiðslu hærri eftirlitsgjalda. Annað og skynsamlegra viðmið fyrir gjaldtöku hlýtur að vera til, svo sem fjöldi útsettra seiða eða fjöldi slátraðra fiska.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur er reiðubúin til frekara samstarfs vegna þessa máls og annarra mála á verkswiði landbúnaðarráðuneytisins sem viðkoma eftirliti.

Virðingarfyllt,
f.h. ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur,


Skarphéðinn Steinarsson, formaður.